

RANNSÓKNASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Sólborg, Pósthólf 224, 602 Akureyri,
Sími 463-0570, Fax 463-0571
Netfang: rha@unak.is
Veffang: <http://www.unak.is/RHA>



SPURNINGAVAGN AKUREYRI

10.-16. MARS 2000

*Þjóð- og dægurmálakönnun
meðal Akureyringa*

Grétar Þór Eypórsson
Hjördís Sigursteinsdóttir

Mars 2000



Efnisyfirlit


<i>Efnisyfirlit</i>	1
<i>1. Inngangur</i>	2
<i>2. Framkvæmd og heimtur</i>	2
<i>3. Niðurstöður</i>	3
3.1. Notkun Akureyringa á staðarfjölmíðlum.....	3
3.2. Búferlaflutningar og framtíðarsýn Akureyringa.....	6
3.3. Sameining íþróttafélaganna Þórs og KA.....	13
3.4. Fylgi bæjarstjórnarflokka og meirihlutinn.....	18
3.5. Áframhaldandi vera forseta Íslands í embætti	21

1. Inngangur

Í marsmánuði framkvæmdi Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri skoðanakönnun meðal bæjarbúa á Akureyri og var fyrirtækjum, stofnunum, félagasamtökum og öðrum aðilum boðin aðild. Tilgangur þessarar könnunar var m.a. að gefa forstöðumönnum fyrirtækja og stofnana kost á að fá álit Akureyringa á fyrirtækjum sínum og stofnuninni, framleiðsluvörum þeirra, ímynd, kostum og göllum og ýmsu öðru sem þá fýsti að vita. Auk þessa var að finna í vagninum spurningar um ýmis þjóð- og dægurmál. Fjallar skýrsla þessi um helstu niðurstöður þeirra kannana, en í þeim voru könnuð viðhorf til: fjölmiðlanotkunar, sameiningar íþróttafélaganna Þórs og KA, búsetu og búferlaflutninga, bæjarstjórnarmála á Akureyri auk áframhaldandi veru Ólafs Ragnars Grímssonar í forsetastóli.

2. Framkvæmd og heimtur

Könnunin var framkvæmd dagana 10. – 16. mars sl. Í henni var hringt í 600 einstaklinga búsetta á Akureyri. Þeir voru valdir með slembiúrtaksaðferð úr þjóðskrá og endurspeglaði úrtakið aldursdreifingu íbúanna í bænum sem og kynjaskiptingu.



Alls náðist samband við 563 einstaklinga sem er tæplega 94% úrtaksins og féllust 478 (79,7% úrtaksins) þeirra á að taka þátt í könnuninni en 85

einstaklingar neituðu. Í 37 tilvikum var ekki hægt að ná tali af einstaklingnum.


3. Niðurstöður

Grunnbreyturnar í könnuninni eru: kyn, aldur, menntun og tekjur svarenda. Hér fyrir aftan gefur að líta niðurstöður könnunarinnar á myndrænan hátt ásamt stuttri túlkun.


3.1. Notkun Akureyringa á staðarfjölmiðlum

Spurt var hvort viðkomandi hafi notað einhvern staðbundnu fjölmiðlanna síðustu vikuna.


Hverja eftirtalinna fjölmiðla hefur þú notað síðustu vikuna?



Notkun Akureyringa á staðarfjölmiðlum eftir aldri



Notkun staðarfjölmiðla á Akureyri eftir kyni



Að því frátöldu að u.þ.b. 4 bæjarbúar af hverjum 5 sjá auglýsingablöðin *Dagskrá* og *Sjónvarpsdagskrána* eru það flestir sem hlusta á dagskrá *RÚVAK* í viku hverri eða liðlega 2/3. Skammt að baki koma sjónvarpsstöðin *AKSJÓN* (57%) og dagblaðið *Dagur* (51%) með um og yfir helming. Minni notkun er á *Vikudegi* og *Frostrásinni* (20-26%) og *Skjávarp* sér einungis einn af hverjum 10.

Greint eftir **aldri** er skipting á notkuninni milli aldurshópa í meginatriðum svipuð hjá öllum fjölmiðlunum nema Frostrásinni, sem virðist fyrst og fremst höfða til þeirra yngstu. Greint eftir **kyni** er skipting í meginatriðum eins, nema hvað einhver tilhneiging er til að hlustendur Frostrásarinnar komi frekar úr röðum kvenna.


Flestir nýta sér RÚVAK af staðarfjölmiðlunum samkvæmt könnuninni. AKSJÓN og Dagur virðast einnig hafa sterka stöðu.

3.2. Búferlaflutningar og framtíðarsýn Akureyringa

3.2.1. Telur þú líklegt að þú munir á næstu 2-3 árum flytja frá Akureyri?


Spurt var hvort viðkomandi hygði á brottflutning úr bænum á næstu 2-3 árum. Í ljós kom að 98 manns eða 21 prósent höfðu slíkt í hyggju.

Telur þú líklegt að þú munir, á næstu 2-3 árum, flytja frá Akureyri?




Þegar dreifing var skoðuð eftir aldri svarenda sýndi sig sem vænta mátti að þeir eldri/elstu hygðu síður á slíkt og að þeir allra yngstu væru á förum í nokkuð meiri mæli.

Hyggst flytja á næstu 2-3 árum: Aldur




Fjölskyldutekjur svarenda virðast hafa áhrif á þessar ætlanir að því marki að þeir sem hafa allra lægstu tekjurnar hyggjast flytja á brott á næstunni í nokkuð ríkari mæli en aðrir. Munurinn milli lágtekjuhópsins og annarra hópa er tölfræðilega marktækur.

Hyggst flytja á næstu 2-3 árum: Tekjur




Ekki var um að ræða frekari mun á flutningahugleiðingum milli samanburðarhópa.

Spurt var hvert viðkomandi hygðist flytja. Skemmst er frá að segja að 57 af þeim 83 sem tilgreindu hvert þeir ætluðu að flytja ætla til höfuðborgarinnar eða næsta nágrennis hennar. Fjórðungur ætlar erlendis en einungis 6 prósent skipta um verustað á landsbyggðinni. Ljóst er því að straumurinn liggur áfram á Suðvestur-hornið.




Spurðir um ástæður brottflutninga eru flestir að fara vegna náms og er þar mest um að ræða unga fólkið. Alls nefna þó 15 prósent að flutt sé vegna hærri tekna. Hér er þó aðeins um að ræða 14 einstaklinga og er því vafasamt að alhæfa mikið út frá því.




3.2.1. Í dag búa um 15000 manns á Akureyri. Hvernig sérðu bæinn fyrir þér eftir 5 ár?

Sem svar við spurningunni var boðið upp á 5 valmöguleika; mun fleiri en í dag, eitthvað fleiri, óbreytt staða, eitthvað færri og mun færri. Heildarskipting svara var eftirfarandi:




Tæp 18 prósent aðspurðra telja Akureyri stækka að mun á næstu 5 árum og 48 prósent að bærinn stækki eitthvað. Það eru því um 2/3 svarenda sem sjá fyrir sér stærri bæ. Aðeins um 5 prósent sjá minni Akureyri fyrir sér í framtíðinni. Má því telja að hér geri vart við sig talsverð trú á framtíðina í bænum. En eru það einhverjir öðrum fremur sem trúa á framtíðina?

Íbúafjöldi á Akureyri eftir 5 ár?: Aldur



Það er meirihluti fyrir stærri bæ í öllum aldurshópum, en mest er trúin meðal þeirra elstu. Einnig sést að þeir allra yngstu hafa meiri trú á svæðinu en 26-35 ára hópurinn. Ef til vill er það tákni um að æskan sé að öðlast aukna trú á framtíð Akureyrar, a.m.k. ef marka má fullyrðingar um hið gagnstæða í sjónvarpsþáttum um byggðamál á Stöð 2 haustið 1999.

Íbúafjöldi á Akureyri eftir 5 ár? Menntun




Háskóla- og iðnmenntað fólk hefur nokkuð stærri trú á vexti svæðisins en aðrir hópar. Kann það að stafa af vexti Háskólans annarsvegar og þeirri staðreynd að mikil verkefni eru til staðar hjá iðnaðarmönnum.

Ekki var að finna frekari mun á framtíðartrúnni milli hópa.

3.2.1. Hefur þú trú á að Eyjafjarðarsvæðið verði eitt sveitarfélag eftir 5 ár?


Nokkuð hefur verið rætt um sameiningu Eyjafjarðarsvæðisins og hefur hverjum sýnst sitt. Þó hefur verið sett á laggirnar viðræðunefnd með fulltrúum sveitarfélaganna um grundvöll sameiningar. Hugur Akureyringa í þessum efnum var kannaður:

Eyjafjörður eitt sveitarfélag eftir 5 ár?




Alls telja 37 prósent að sameining verði örugglega og um 24 prósent sjá hana sem möguleika. Alls telja því um 61 prósent að sameining Eyjafjarðar sé hugsanleg eða verði veruleiki á næstu 5 árum. Nokkur hópur er óviss og því eru þeir sem síður eða ekki trúa á þetta um 28 prósent. Akureyringar virðast því upp til hópa stefna í eina átt í þessum efnum.

Hefur þú trú á því að Eyjafjörður verði eitt sveitarfélag eftir 5 ár? Kyn



Á daginn kemur að trú kvenna á sameiningu er allnokkru meiri en karla og munar 11 prósentustigum á kynjunum þegar skoðaður er fjöldi svara sem hallast að sameiningu. Áhrif aldurs eru nokkur. Þannig munar á sama hátt 30 prósentustigum á hversu miklu meiri trú fólk 56-65 ára trúir á sameiningu en þeir yngstu, þó þeir séu að vísu í naumum meirihluta.


Eyjafjörður eitt sveitarfélag eftir 5 ár? Aldur



Að lokum gefur að líta mynd sem sýnir hvernig fyrirhugaðir búferlaflutningar og framtíðarsýn fólks tengjast. Hér sést að eftir því sem fólk hefur meiri trú á vöxt Akureyrar, því síður ætlar það að flytja. Þannig ætla 13% þeirra sem telja að það fjölgi í bænum að flytja meðan 43% þeirra sem telja að það fækki að flytja. Munurinn er skýr og marktækur.

Tengsl framtíðarsýnar og búferlaflutninga


Íbúaföldi á Akureyri eftir 5 ár



3.3. Sameining íþróttafélaganna Þórs og KA

Sameining tveggja stóru íþróttafélaganna í bænum, Þórs og KA hefur borið nokkuð á góma og þar sýnst sitt hverjum. Ákveðið var að kanna huga bæjarbúa í þessum efnum. Fyrst var fólk innt eftir því hvoru félaginu það tilheyrði.

Styður þú eitthvað íþróttafélag í bænum öðru fremur?




Já, Þór
 Já, KA
 Já, annað félag en Þór/KA
 Ekkert
 Ekki viss

Rétt innan við helmingur bæjarbúa telur sig til stuðningsmanna KA og Þórs, sem kann að þykja lítið. Ekki er vitað til að stuðningur við íþróttafélög hafi verið kannaður áður hér á landi. Rannsóknir í Gautaborg í Svíþjóð sýna að allar götur frá 1975 hefur um það bil helmingur borgarbúa átt sér uppáhalds knattspyrnulið í borginni. Í ljósi þess er útkoman hér eðlileg, en vafalaust hefur einhver átt von á herra hlutfalli. Stærsti svarendahópurinn kveðst ekki styðja neitt félag öðru fremur.

Þegar spurt var um hvort sameina ætti Þór og KA varð niðurstaðan þessi:




Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) þeirri hugmynd að sameina Þór og KA?



Alls er það tæpur fjórðungur sem er mjög hlynntur sameiningu Þórs og KA og fimmtungur til viðbótar er frekar hlynntur henni og því eru 45 prósent hlynntir sameiningu. Andstæðingar sameiningar eru alls ríflega fjórðungur (26%). Þeir eru því mun fleiri sem styðja sameiningu en sem leggjast gegn henni. Stærsti hópurinn er þó hlutlaus í þessu máli. Séu aðeins teknir þeir sem afstöðu tóku er skiptingin milli hlyntra og andvígra sú að **hlynntir eru 62,8 prósent** og **andvígir 37,2**.

En hvernig lítur landslag viðhorfanna út þegar þau eru greind eftir stuðningi við íþróttafélag?

Afstaða til sameingar Þórs og KA eftir stuðningi við íþróttafélag




■ MJög hlynnt(ur) ■ Frekar hlynnt(ur) ■ Hlutlaus ■ Frekar andvíg(ur) ■ MJög andvíg(ur)

Í grófum dráttum er enginn reginmunur á fylgi við sameiningu í þessum hópum. Þeir óákveðnu eru hinsvegar mun færri meðal Þórsara og KA-manna og þeir andvígu því um leið mun fleiri meðal þeirra. Næsta mynd sýnir þetta betur:




Afstaða til sameiningar Þórs og KA eftir stuðningi við íþróttafélag




Andstaðan er áberandi mest hjá félögnum tveimur, en þó ber að hafa í huga að stuðningsfólk félaganna skiptist nánast í tvo jafnstóra hópa í afstöðu sinni til sameiningarinnar.

Í samanburðarhópum könnunarinnar var ekki um nein stærri frávik frá heildarmynstrinu að ræða, en þó er áhugavert að skoða það eftir kyni, en þar kemur skýrt fram að konur (71%) eru mun hlynntari ráðahagnum en karlar (55%):

Afstaða til sameiningar Þórs og KA eftir kyni




Ennfremur var spurt eftir skoðun á þeirri hugmynd að sameina meistaraflokka knattspyrnudeilda félaganna. Myndin að neðan sýnir afstöðu til þeirrar spurningar í heild og eftir stuðningi við félag.



Afstæðan til þessarar sameiningar nýtur nokkuð meira fylgis hjá fólki en heildarsameining félaganna. Er aukningin þar á milli mest meðal Þórsara og KA-manna, en tæplega 2/3 taka afstöðu með knattspyrnusameiningunni.


Vera kann að andstæða við heildarsameiningu þurfi ekki að þýða andstöðu við sameiningu knattspyrnudeildanna. Þegar spurningarnar tvær eru bornar saman kemur í ljós að svo er:




Þeir sem styðja heildarsameininguna styðja knattspyrnusameininguna nær undan-
tekningalaust líka. Hinsvegar er svo ekki með andstæðinga heildarsameiningar, en 30
prósent þeirra sem eru mjög andvígir henni eru hlyntir knattspyrnusameiningunni og
helmingur frekar andvígra eru hlyntir því að meistaraflokkar knattspyrnudeildanna
verði sameinaðir. Síðarnefnda sameiningin á því meiri hljómgrunn en heildarsameining
og nokkurn hljómgrunn meðal andstæðinga heildarsameiningar. Stór hluti Akureyringa
vill því sameiningu íþróttafélaganna og enn stærri hluti sameiningu meistaraflokka
knattspyrnudeildanna.

3.4. Fylgi bæjarstjórnarflokka og meirihlutinn

Í spurningavagninum var gerð könnun á fylgi bæjarstjórnarflokka á Akureyri. Skemmst er frá því að segja að af þeim 410 sem svöruðu spurningunni voru einungis 181 sem gaf upp flokk og helmingurinn eða 205 voru óákveðnir. Setur þetta því greiningum eftir hópum ákveðin takmörk.




Eins og myndin sýnir eru það einungis 44 prósent svarenda sem geta gert upp við sig hvað þeir myndu kjósa. Þeir skiptust þannig:



Sjálfstæðisflokkurinn fær stuðning um helming aðspurðra og fær hér ríflega 10 prósentustigum meira en í kosningunum 1998. Þetta myndi færa flokknum hreinan meirihluta í bæjarstjórn, eða 6 fulltrúa af 11. Framsóknarflokkurinn fær tæp 29 prósent og er á svipuðum slóðum og í kosningunum. Þetta gæfi flokknum jafnmarga fulltrúa og hann fékk 1998 eða 3 alls. Akureyrarlistinn tapar fylgi miðað við kosningarnar, eða nær 10 prósentum og fær nú 13,3 prósent sem myndi þýða einum fulltrúa færri en í kosningunum. Listi fólksins fær hér 8,8 prósent stuðning í stað 11,5 í kosningunum en heldur sínum fulltrúa. Niðurstaðan er því sú að Sjálfstæðisflokkurinn vinnur fylgi og Akureyrarlistinn tapar. Í kosningakönnunum hérlandis sem erlendis hefur það oft komið fram að stuðningsmenn stórra flokka hafa síður verið óákveðnir. Í ljósi þess er líklegt að raunfylgi Sjálfstæðisflokksins hafi mælst of hátt í þessari könnun.

Einnig var spurt um skoðun á frammistöðu núverandi meirihluta Sjálfstæðisflokks og Akureyrarlista.

Mat á frammistöðu bæjarstjórnarmeirihlutans eftir flokkum




Í heildina eru 40 prósent ánægðir með störf meirihlutans, liðlega 20 prósent óánægðir og 40 prósent hvorugt. Því er að sjá sem fólk eigi allfitt með að mynda sér skoðun á málinu. Er það í samræmi við hversu margir tóku ekki afstöðu milli flokkanna. Sjálfstæðismenn eru langánægðastir með meirihlutann eða ríflega 70 prósent, en athygli

hlýtur að vekja hversu óákveðnir og klofnir fylgismenn Akureyrarlistans eru í þessu – þar eru jafnmargir óánægðir og ánægðir. Ánægja með meirihlutann er að vonum takmörkuð hjá minnihlutaflokkunum, en athygli hlýtur að vekja hversu margir eru þar óánægðir.


Myndin að neðan sýnir vægið milli ánægju og óánægju með meirihlutann:

Munur ánægju og óánægju með meirihlutann eftir flokkum




3.5. Áframhaldandi vera forseta Íslands í embætti

Forseti lýðveldisins, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur lýst yfir því að hann sækist eftir áframhaldandi setu í embætti. Ekki hafa komið fram nein móttframboð, en rétt þótti að kanna hvern stuðning forsetinn ætti meðal bæjarbúa. Hann er eftirfarandi:




Skemmst er frá að segja að 70 prósent segjast örugglega munu styðja hann til áframhaldandi setu og 17 prósent líklega. Einungis 5 prósent aðspurðra svara neitandi. 8 prósent eru óákveðnir, sem verður að teljast lítið. Samanlagður öruggur og líklegur stuðningur við forsetann er því 87 prósent.

Stuðningur við Ólaf Ragnar eftir flokki



Enginn reginmunur er á afstöðunni eftir flokkum, en forsetinn er vinsælastur meðal framsóknarmanna og minnst vinsæll meðal sjálfstæðismanna.

Stuðningur við Ólaf Ragnar eftir kyni



Ekki var að finna mikinn mun í samanburðarhópum á afstöðu til þessa, en forsetinn virðist heldur vinsælli meðal Akureyrskra kvenna en karla.